

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Ytri-Skógar, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 14. desember 2017 deiliskipulagsbreytingu fyrir Ytri-Skóga. Deiliskipulagsbreytingin tekur til svæðis umhverfis Skógafoss. Helstu breytingar sem tillagan tekur til eru að öll bílastæði eru færð út fyrir friðlýsta svæðið við Skóga. Lagt er til að friðlýsta svæðið verði stækkað til samræmis við breyttan farveg Skógár frá friðlýsingu. Salernis- og aðstöðuhús er fært út fyrir svæðið og útbúinn byggingarreitur í aðkomu við ný bílastæði. Rotþrær eru fjarlægðar af friðlýsta svæðinu og gert ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki á nýjum stað. Meiri áhersla er lögð á að bæta aðstöðu á láglandi framan við fossinn. Gert er ráð fyrir að stígakerfi verði lagfært og stígar hannaðir nægjanlega rúmir til að taka við mikilli aðsókn ferðamanna. Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 10. ágúst 2018.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi.